

Mál nr. 388/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.
Vinnuslys við beygjuvél 5.5.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 29.11.2017.

Bréf V, dags. 27.12.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hinn 5. maí 2015 þar sem hann var að vinna við svokallaða beygjuvél við að beygja álrenninga. Nánar tiltekið hafi vökvatjakkur á sérstöku vinnuborði eða hleðsluvagni, sem álrenningarnir hafi verið settir á, gefið sig og þrýst M að vélinni sjálfri með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði. Í framburðarskýrslu M kemur fram að hann hafi vitað að hleðsluvagninn tæki ekki nema 300 kg en hann hafi ekki hugsað út í það. Einnig vísar M til þess í skýrslu sinni að hann hafi skorðast á milli án þess að hafa tækifæri til að ýta á neyðarhemil. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram sú niðurstaða rannsóknar að meginástæða slyss M hafi verið að borð (hleðsluvagn) hafi látið undan þrýstingi vegna yfirþyngdar og að samverkandi þáttur væri að M hafi snúið baki í borðið og þannig fest þegar stangir (álrenningar) féllu allar í einni svipan fyrir aftan fætur hans, en á sama augnabliki hafi beygjuvélina verið að keyra niður. Einnig kemur fram að X hafi ekki lokið við gerð áhættumats.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem vinnuaðstæður hafi ekki verið fullnægjandi og að öllu í samræmi við lög nr. 46/1980. Ekki hafi verið lokið við áhættumat sem hefði getað komið í veg fyrir að þær aðstæður sköpuðust sem M slasaðist við, einnig bendir M á að hjólabúnaður vinnuborðsins (hleðsluvagnsins) hafi ekki verið læstur auk þess sem öryggisgrind milli vélar og M hefði getað forðað slysi. Einnig vísar M til þess að hann hafi ekki náð til neyðarhemils á beygjuvélinni við þær aðstæður sem hann var að vinna. M telur að hætta sú sem skapaðist þegar mikill þungi hvíldi á vinnuborðinu hafi fyrst og fremst verið vegna þess að hjól þess voru ekki læst og að hann hafi verið að vinna verkið einn.

V telur að skaðabótaskylda sé ekki fyrir hendi af hálfu X. Það borð sem M hafi verið að nota sé vinnuborð sem sé CE merkt og uppfylli þær kröfur sem um það gilda auk þess sem öllum starfsmönnum hafi verið ljóst hver burðargeta þess var. Einnig vísar V því á bug að staðsetning neyðarhemils á beygjuvél hafi verið röng eða þess eðlis að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slys M. Auk þess telur V að ekki séu orsakatengsl milli slyss M og þess að áhættumati hafi ekki verið endanlega lokið en starfsmenn hafi allir fengið eintak af öryggishandbók og sérstaka kynningu á henni rétt fyrir slysið. V vísar auk þess til þess að M hafi langa reynslu af sambærilegum störfum og hafi haft fullan aðgang að vinnuborðum sem hafi þolað meiri þunga en það sem hann notaði, auk þess sem hann hafi sjálfur átt að meta hvort verkið hafi verið eins manns verk eða fleiri.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort aðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og þannig leitt til slyss M. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að meginástæða slyss M er sú að það vinnuborð sem hann var að vinna við gaf sig vegna þunga, en M viðurkennir í lögregluskýrslu vegna málsins að hafa ekki gætt að þunganum. Ekki verður séð að annar en M hafi átt að gæta að því að ofhlaða ekki borðið og augljós hætta er af því að slíkt sé gert. Verður ekki séð að hjólabúnaður eða staðsetning neyðarhemils hefði breytt aðstæðum sérstaklega eða að X hafi átt að gera frekari ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustaðnum. Við þær aðstæður, og með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, verður ekki séð að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.